

BORGARRÁÐ 5. febrúar 2026: Tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknarflokksins um að hefja samtal við Samhjálp um staðsetningu kaffistofu - MSS26020025

Borgarfulltrúi Framsóknar leggur til að Reykjavíkurborg hefji samtal við Samhjálp um staðsetningu kaffistofu Samhjálpar sem miði að því að aðstoða Samhjálp við að finna annað húsnæði fyrir kaffistofuna á hentugri stað. Jafnframt er lagt til að borgin skoði sérstaklega eignasafn sitt og meti hvaða fasteignir í eigu borgarinnar geti hentað undir starfseminu, auk þess að eiga samtal við ríkið um mögulegar eignir í borgarlandinu sem nýta mætti í sama tilgangi. Mikilvægt er að niðurstaða um staðsetningu kaffistofunnar verði unnin í samráði við Samhjálp, íbúa og borgaryfirvöld með það að leiðarljósi að tryggja áfram þá mikilvæga þjónustu sem Samhjálp veitir.

Greinargerð:

Á íbúafundi þar sem um 200 íbúar mættu kom fram eindregin andstaða íbúa vegna fyrirhugaðra flutninga kaffistofu Samhjálpar á Grensásveg. Jafnframt kom fram skýr afstaða íbúa um stuðning gagnvart því mikilvæga hlutverki sem Samhjálp sinnir í samfélaginu. Íbúar hafa jafnframt lýst vilja til að borgin styðji fjárhagslega við Samhjálp, enda er starfsemin talin gegna mikilvægu hlutverki í velferðarþjónustu borgarinnar.

Íbúar hafa kallað eftir auknu samráði og skýrari upplýsingagjöf um áhrif starfseminnar á nærsamfélagið. Mikilvægt er að Reykjavíkurborg tryggi að ákvarðanir um staðsetningu fari fram í opnu og gagnsæju ferli með aðkomu íbúa og annarra hagsmunaaðila.

Kaffistofa Samhjálpar veitir viðkvæmum hópum nauðsynlegan stuðning og því er brýnt að starfsemin fái viðunandi og varanlegt húsnæði. Með því að kanna eignir borgarinnar og ríkisins og eiga markvisst samtal við Samhjálp og íbúa má auka líkur á lausn sem tryggir starfseminni góða aðstöðu og nýtur jafnframt víðtækari sáttar í nærsamfélaginu.